

Bygging hafrannsóknaskips
04 408

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Bygging hafrannsóknaskips
Umsjón Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Bygging hafrannsóknaskips er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs í umsjón Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 13 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 0,0 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 278,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.793,8 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Byggingar hafrannsóknaskips í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fyrir fjárlagaliðinn Bygging hafrannsóknaskips fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Guðrún Gísladóttir,
skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	<u>0</u>	<u>277.986.603</u>
Tekjur samtals		<u>0</u>	<u>277.986.603</u>
Gjöld			
Gjöld samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(8.495)</u>	<u>0</u>
		(8.495)	0
Afkoma ársins		<u><u>(8.495)</u></u>	<u><u>277.986.603</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	3		
Verk í vinnslu, fasteignir		31.073.949	0
Fastafjármunir samtals		<u>31.073.949</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	3.762.724.030	877.986.603
Veltufjármunir samtals		<u>3.762.724.030</u>	<u>877.986.603</u>
Eignir samtals		<u>3.793.797.979</u>	<u>877.986.603</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		277.978.108	277.986.603
Eigið fé samtals		<u>277.978.108</u>	<u>277.986.603</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	4	15.674.873	0
Viðskiptaskuldir		144.998	0
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	6	3.500.000.000	600.000.000
Skuldir samtals		<u>3.515.819.871</u>	<u>600.000.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.793.797.979</u>	<u>877.986.603</u>
Aðrar upplýsingar	7		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(8.495)	277.986.603
		(8.495)	277.986.603
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(136.503)	(277.986.603)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		144.998	0
		8.495	(277.986.603)
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(31.073.949)	0
		(31.073.949)	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		31.073.949	0
		31.073.949	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		0	0
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

VAXtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samánburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samánburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	0	277.986.603
	<u>0</u>	<u>277.986.603</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	0	0	0
Fjárveiting til tekna	0	0	0	0
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(8.495)	0	0	(8.495)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(8.495)	0	0	(8.495)

	31.12.2021	31.12.2020
3 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Verk í vinnslu, skip.....	31.073.949	0
	<u>31.073.949</u>	<u>0</u>

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	3.753.790.956	877.986.603
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	8.933.074	0
	<u>3.762.724.030</u>	<u>877.986.603</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	15.674.873	0
	<u>15.674.873</u>	<u>0</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	277.986.603	0
Afkoma ársins	(8.495)	277.986.603
Jöfnuður 31.12.	<u>277.978.108</u>	<u>277.986.603</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

6 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	31.073.949	0
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	3.468.926.051	600.000.000
	<u>3.500.000.000</u>	<u>600.000.000</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	0	600.000.000	600.000.000
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.900.000.000	2.900.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu	31.073.949	(31.073.949)	0
	<u>31.073.949</u>	<u>3.468.926.051</u>	<u>3.500.000.000</u>

7 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar eru hjá fjárlagaliðnum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.